


g einn

innar úr vegi. Um leið og sannleikurinn varð afstæður þá þurfti einstaklingurinn að sanna gildi sitt í listinni með því að finna nýja einstaklingsbundna leið að sannleikanum.

Það er athyglisvert að heil menningarsvæði hafa verið ósnortin af listasögunni allt fram á okkar daga. Þetta á við um ýmis „hefðbundin“ þjóðfélög t.d. í S-A-Asíu, þar sem listamaðurinn hefur enn stöðu hins hefðbundna handverksmanns. Hlutverk hans er ekki að finna nýjan persónulegan flöt á sannleikanum, ekki að túlka sínar persónulegu tilfinningar, heldur er hlutverk hans að boða hinn óumbreytanlega sannleika sem felst meðal annars í endurtekningunni. Enn í dag eru framleidd í Indlandi eða Íran teppi eða míneatúrmyndir er standa jafnfætis því besta sem gert var á þessu sviði í þessum löndum fyrir þrem til fjórum öldum. Mynstrin og viðfangsefnin eru þau sömu enn í dag, árangurinn felst í því hversu vel listamaðurinn lifir sig inn í hefðina og endurtekninguna.

Okkar menning býður ekki upp á slíka hefð. Afhelgunin í okkar samfélagi hefur kastað hinum óbreytanlegu og óhaglegu sannindum fyrir borð. Þar með er myndlistin orðin fangi sögunnar, sinnar eigin sögu. Af fullkomnu vægðarleysi hafa síðan markaðsöflin og upplýsingateknin lagt á eitt með sögunni að kasta hverjum nýjum sannleika, hverri nýrri uppgötvun á sviði myndlistarinnar fyrir borð, um leið og hún er orðin að almenningseign. Sýning Listmálarafélagsins á Kjarvalsstöðum er dæmi um þetta vægðarleysi: hún er eins og farmur sem sagan og samtíminn kastaði fyrir borð fyrir langa löngu. Listmálararnir sem að henni standa eru að því leyti í sömu sporum og hinir indversku vefarar og míneatúrlistarmálarar að þeir endurtaka hefðina sannleikanum til dýrðar. Munurinn er hins vegar sá að sá sannleikur sem 6. áratugurinn skildi eftir sig í myndlistinni er orðin mun holarinn inn en sá hindúismaheimspeki sem liggur vefnaðinum og míniatúr-



Listmálarafélagið:
Einar Hákonarson: Verndarengill, 1988 olíumálverk 150x110 sm.

listinni til grunns á Indlandi. Í raun og veru geymir þessi arfur fátt annað en skelina, formið, sem heimild um liðna sögu. Fiskurinn sem eitt sinn dafnaði vel undir þessari skel, safaríkur og bragðmikill, er löngu upphorður og orðinn að engu. Sýningin í Nýlistasafninu hefur það fram yfir sýningu Listmálarafélagsins, að það sem þar er sýnt er ekki ennþá orðið að almenningseign. Þar er verið að fást við formræn vandamál sem byggja ekki á fullvissu hefðarinnar eða hins óhaglegu sannleika, heldur á þeirri óvissu sem alltaf er fólgin í því að horfast í augu við samtímann með alla söguna á bak við sig.

Það að mála með pensli hefur ekki gildi í sjálfu sér, eða að höggva í stein. Línan, liturinn, efnid og rýmið, allt sækir það sína réttlætingu í það sögulega augnablik, þann stað og þá stund, þegar það er unnið.

Myndlist síðari ára hefur lagt sífauka áherslu á skúlptúr og

rýmisverk hvers konar. Orðið höggmynd dugir ekki til þess að lýsa þessum fyrirbærum. Nær væri að tala um rýmisverk. Átta af þeim tíu listamönnum sem sýna í Nýlistasafninu sýna slík rýmisverk. Þau eiga fátt annað sameiginlegt en að í þeim finnum við þá dirfsku til þess að horfast í augu við samtímann, sem Listmálarafélagið vantar.


Þetta er jafnframt síðasta sýningin í húsakynnum Nýlistasafnsins við Vatnsstíginn. Þar með er lokið merkilegu tímabili sem tengir þessa undarlegu bakhúsasamstæðu við íslenska myndlistarsögu allt frá því að Gallerí Súm var stofnað á hæðinni fyrir ofan árið 1969. Í 20 ár hafa áhugamenn um nýsköpun í myndlist haft afdrep í þessu óhrjálega porti. Sýningin þar núna er verðugur endapunktur við þá sögu, en því verður vart trúað að yfirvöld sjái ekki að sér og finni þessu óþekka barni íslenskrar menningar nýjan og viðunandi samastað.

i sitt

inn í leik sínum og tældi alla viðstadda, „dró okkur til dauða“, ekki síður en konurnar tvær á sviðinu. Það verður sönn nautn að hugsa sér örlög kattarins rauða. Því allir myrða yndi sitt, eins og Óskar Wilde sagði og Megas syngur um í Ástarsögu.

Heima hjá afa er einleikur á tvær persónur, stórkostlegt tækifæri fyrir ungan karleikara sem Jesper nýtir sér til hins ýrasta undir styrkri stjórn Stefáns Baldurssonar. Konurnar eiga verra hlutskipti frá höfundarins hendi. Félagssráðgjafinn (Githa Lehrmann) átti stundum bág með sína stöðluðu frasa; presturinn (Bodil Sangill) á fáeinar góðar tölur sem hún fór fráþærlega vel með. En síðustu tölunni hefði höfundur átt að sleppa. Merkilegt hvað jafnvel ágætum höfundum hættir til að vantreysta áhorfendum sínum. En stundin í leikhúsinu var rafmögnuð. Sannkölluð stund gaupunnar, utan við tíma og rúm.

SA



Jesper Vigant í hlutverki pilsins



PÁLL SKÚLASON

Ábyrgð ríkisvaldsins

Hlutverk ríkisins er að sinna málum sem lúta að almannaheill. Meðal slíkra mála eru lagasetning, dómsmál og löggæsla, líka almannavarnir, uppeldi og heilbrigði þegnanna. Til þess að sameiginlegir hagsmunir okkar séu tryggðir á hverju sem gengur hefur ríkið sett á laggirnar ákveðnar stofnanir svo sem dómstóla, sjúkrahús og skóla. Þeir, sem við þessar stofnanir starfa, eru kallaðir opinberir starfsmenn. Þeir hafa ákveðnum og skilyrðislausum skyldum að gegna í þágu almannaheilla. Alþingi, æðsta stjórnvald ríkisins, hefur skilgreint og ákveðið þessar skyldur. Frumskylda ríkisstjórnar er svo að sjá til þess að opinberir starfsmenn gegni skyldum sínum svo sem til er ætlast í samræmi við almanna vilja sem Alþingi hefur bundið í lög.

Nú vasast ríkisstjórnir í ýmsu öðru en því að framfylgja almanna vilja. Ráðherra kann að hafa persónuleg áhugamál sem honum eru hugleiknari. Slíkt er skiljanlegt. Hitt er torskindara þegar hver ríkisstjórnir af annarri sest að völdum og skeytir ekki um þá frumskylda sína að hugsa um hag ríkisins sem er í höndum opinberra starfsmanna. Skeytir ekki um það hvort starfsmennirnir geti yfirleitt gegnt skyldum sínum. Og egnir þá jafnframt til ófriðar og óspekta.

Þetta furðulega ábyrgðarleysi tekur sífellt á sig hríkalegri mynd. Líkt og ráðherra sýna séu ósjálfrátt leiddir í það að líkjast brosmildum og elskulegum Mafuforingjum sem byggja á aldagamalli hefð hinna ítölsku fursta sem Machiavelli lýsti forðum. Og fastar hafa hingað til næst á.

Hefðin er sú að ræða ekki málin, heldur brugga launráð. Standa við eitt í dag, annað á morgun. Semja til þess eins að svíkja. Stjórna með því að vekja ýmist ótta og andúð eða fögnuð og létuð. Samherjarnir, starfsfólkið, aldrei látið vita hvað kemur næst, heldur á það allt sitt undir óvissunni, ófyrirsjáanlegum velvilja þess sem ræður. Hver sem hann er eða verður. Velviljinn eða ráðherrann. Eða ráðuneytisdeildar-ritara-skrifstofustjórnir. Kannski ættingi eða gamall skólafélagi?

Lýðhylli þess sem ræður verður lausnarorðið. Lýðræðið verður það að leika á lýðinn. Brosa rétt eða byrsta sig. Lýðurinn skilur fyrir en skellur í tönnum. Klappar eða stappar. Félagsvísindastofnun Háskólans mælir klappið og stappið. Með rannsóknum í þágu vísinda. Sjónvarpsstöðvar bregða súluritum á skjáinn.

Svo koma ljótir formenn Opinberra starfsmanna með háskólapróf á skjáinn og segjast þurfa hærri laun til að gegna skyldum sínum. Vítfirra, segir formaður ríkisstjórnar. Og fjármálastjóri

ríkisins fagnar lófataki að þrengdra atvinnurekenda og hungraðs verkalyðs, en menntamálastjórnir horfir á skólana lokast fyrir nemendum. Ræktun síðferðis bíður betri tíma.

Hver er skýringin? Ríkið á ekki næga peninga. Og skýringin á því? Frjálshyggjubylgja síðustu ára (sem núverandi formaður ríkisins kom sennilega ekki nálægt; hver minnst nú aðgerða ríkisstjórnarinnar árið 1983 og verfalls BSRB haustið 1984?) hefur skilið alla sjóðina eftir tóma. Og líka góðærið frá 1986 til 87 sem gerði þjóðinni kleift að safna meiri skuldum en hún fær borið. Bandóð þjóð á valdi peningahyggju.

Lausn vandans var: ábyrg vinstri stjórn sem telur kjark og trú í landslýð allan. Nema í Opinberra starfsmenn með háskólapróf. Þeirra sérhyggja, þeirra eiginhagsmunabarátta og stjórnlausu ágirnd stefna þjóðinni í voða.

Skýringin er allt önnur. Vandinn allur annar. Lausnin önnur.

Skýringin er sú að ríkisvaldið hefur smám saman verið að gleyma tilganginum með því að hafa ríki og ríkisstofnanir til að tryggja almannaheill. Hlutverk ríkisins hefur orðið annað: verða fyrirtæki sem á að tryggja rekstrargrundvöll allra annarra fyrirtækja í landinu. Með því að skammta og deila út peningum. Slíkt fyrirtæki reynir að tryggja eigin rekstrargrundvöll með skattheimtu og lágum launum eigin starfsfólks.

Vandinn er sá að það tekst ekki og getur ekki tekist. Ríkið lýtur ekki lögmálum fyrirtækis sem reka má með hagnaði eða tapi, heldur er það tæki samfélagsins til að taka ákvarðanir í sameiginlegum málum sínum og sjá til þess að sameiginlegir hagsmunir séu tryggðir. Á hverju sem gengur. Almanna varnir séu virkar. Sjúkum sé sinnt. Börnin allin upp.

Vandinn er sá að bregðist ríkið skyldum sínum þá ógnar það samfélaginu öllu. Skelfir lýðinn svo að hann veit ekki sitt rjúkandi ráð. Og sérhver reynir að bjarga eigin skinni. Þá þurfa stjórnvöld að búa sér til blóraböggul. Núna eru það Opinberir starfsmenn með háskólapróf sem falla eins og skapadír í það hlutverk.

Lausnin er sú að leggjast á bæn og biðja fyrir stjórnvöldum. Alþingi, ríkisstjórn og æðstu embættismönnum öllum. Biðja þess að augu þeirra opnast. Að upp fyrir þeim ljúkist til hvers við höfum ríki, hverjar séu þeirra eigin skyldur og allra annarra ríkisstarfsmanna. Allra þegna landsins. Og verði þessi bæn ekki heyrð von bráðar skulum við biðja annarrar bænar. Að byltingin komi fljótt og gangi friðsamlega fyrir sig.